

184. fundur íþróttá- og tómstundanevndar
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, 30. apríl 2018 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Jón Ottó Gunnarsson varaformaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður, Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Ásgerður Þorleifsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir boðaði forföll en enginn mætti í hennar stað. Einnig sat fundinn Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar - 2014030027

Lagður fram til kynningar verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar.

Lagt fram til kynningar.

2. Uppbyggingasamningar við íþróttafélög 2017-2018 - 2017020028

Lögð fram drög að uppbyggingasamningi við hestamannafélagið Hendingu.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að samþykkja drög að rammasamningi um uppbyggingasamning við Hestamannafélagið Hendingu.

Gísli yfirgaf fundinn kl. 12:30

3. Hugmynd um klifurvegg í íþróttahúsinu á Flateyri - 2018040073

Lagður fram tölvupóstur frá Sigrúnu Svanhvíti Óskarsdóttur, dagsettur 25. mars 2018, þar sem velt er fram þeirri hugmynd að setja upp klifurvegg í íþróttahúsinu á Flateyri.

Nefndi tekur vel í hugmyndina og vísar henni til fjárhagsáætlunargerðar 2019.

4. Raggagarður - umsókn um vinnuframlag vinnuskóla - 2017050012

Lagt fram bréf Vilborgar Arnarsdóttur, framkvæmdastjóra Raggagarðs, dagsett 12. apríl sl., og barst með tölvupósti sama dag, þar sem óskað er eftir samstarfi um vinnuframlag vinnuskóla Ísafjarðarbæjar í Raggagarði sumarið 2018.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1013. fundi sínum 16. apríl sl og vísaði því til íþróttá- og tómstundanevndar.

Nefndin tekur vel í erindið og felur sviðsstjóra að vera í samskiptum við framkvæmdastjóra Raggagarðs um útfærslu vinnudags vinnuskólans.

5. Stýrihópur um mótun viðmiða um gæði frístundastarfs - 2016110077

Lagður fram tölvupóstur frá Guðna Olgeirssyni, dagsettur 27. mars 2018, þar sem athygli er vakin á að búið er að birta viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum í Stjórnartíðindum.

Lagt fram til kynningar.

6. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Lögð fram gjaldskrá íþróttamannvirkja 2018.

Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:55

Kristján Andri Guðjónsson

Jón Ottó Gunnarsson

Sif Huld Albertsdóttir

Gísli Halldór Halldórsson

Ásgerður Þorleifsdóttir

Margrét Halldórsdóttir